


ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA - FJÁRMÖGNUN

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFI

54. Sambandsþing UMFI haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að styðja með öflugri hætti fjárhagslega við starfsemi UMFI og hækka fjárframlög svo þau haldi í við verðlagsþróun sem verið hefur undanfarin 15 ár. Þá skorar þingið einnig á stjórnvöld að hækka verulega framlag til ferðasjóðs fyrir íþrótt- og ungmennafélög.

Greinargerð:

Ríkisframlag til UMFI hefur nánast staðið í stað á undanförunum árum. Á sama tímabili hafa flestir kostnaðarþættir í rekstri UMFI farið ört hækkandi samhliða hárrí verðbólgu. Árið 2018 nam ríkisframlag til UMFI 129,6 m. kr. Árið 2025 nemur framlagið 137,5 m.kr. Ef framlagið hefði haldið í við þróun verðlags frá 2018 væri ríkisframlagið í dag tæpum 185 m. kr. Þegar þróunin frá 2008 er skoðuð kemur í ljós að framlagið árið 2008 var 123,4 m. kr. Ef það hefði haldið í við þróun verðlags væri ríkisframlagið í kringum 288 m. kr.



Sama þróun hefur átt sér stað varðandi framlag í ferðasjóð fyrir íþrótt- og ungmennafélög. Árið 2019 var úthlutað 127 m. kr. úr sjóðnum og í mars 2025 var 123,9 m. kr. úthlutað úr sjóðnum. Alls bárust 255 umsóknir frá 126 íþrótt- og ungmennafélögum úr 24 íþróttahéruðum vegna 3.211 ferða. Heildarupphæð umsókna nam 757,6 m. kr. Af þessum tölum má dæma að mikil þörf er á auknu fjármagni í sjóðinn.

Vísad til: